

**14. fundur skólanefndar haldinn Bláskógaskóla, Reykholti,
17. nóvember 2020, kl. 15:30.**

Fundinn sátu:

Guðrún S. Magnúsdóttir, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Valgerður Sævarsdóttir, Róbert Aron Pálmason, Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Elfa Birkisdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Erla Jóhannsdóttir, leikskólastjóri Álfaborg, Ægir Freyr Hallgrímsson, fulltrúi foreldra leikskólabarna, Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir, fulltrúi stm. grunnskóla, Smári Stefánsson, fulltrúi foreldra grunnskóla, Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, og Ásta Stefánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður skólanefndar.

Fundurinn var fjárfundur og tóku fundarmenn þátt í gegnum fjárfundabúnað.

Formaður leitaði afbrigða til að taka á dagskrá beiðni skólabílstjóra um undanþágu frá reglum um merkingar á skólabílum.

1. Skóladagatal 2020-2021 - 2009023

Kynnt breyting á skóladagatali Álfaborgar og Bláskógaskóla Reykholti vegna frestunar árs hátíðar grunnskólans v/covid 19, frestun á starfsdegi til undirbúnings árs hátíð

Gerð var grein fyrir því að ákveðið var að fresta starfsdegi Bláskógaskóla Reykholti og Álfaborgar sem átti að vera í dag þar sem ekki er unnt að halda árs hátíð grunnskólans vegna samkomutakmarkana, en nýta átti starfsdaginn til undirbúnings. Stefnt er að því að halda árs hátíðina í vikunni 7. til 11. desember, að því gefnu að það verði unnt vegna samkomutakmarkana, og að starfsdagur verði þá 1. desember. Stefnt er að því að starfsdagar verði þá bæði í Álfaborg og Bláskógaskóla Reykholti.

2. Fjárhagsáætlun 2021 og 2022-2024 - 2009031

Fjárhagsáætlunir grunn- og leikskóla, kynning

Stjórnendur leik- og grunnskóla kynntu fjárhagsáætlunir vegna ársins 2021. Stefnt er að fyrri umræðu fjárhagsáætlunar í sveitarstjórn 19. nóvember n.k.

3. Ýmsar áætlunir leikskólans Álfaborgar og handbók fyrir foreldra - 2011029

Handbók fyrir foreldra

Móttökuáætlun nýrra starfsmanna

Jafnréttisáætlun

Bruna- og rýmingaráætlun

Áfalla- og slysavarnaáætlun

Leikskólastjóri fór yfir áætlunirnar sem voru lagðar fram til kynningar.

4. Áætlunir skóla vegna óveðurs - 2011028

Áætlunir vegna óveðurs

Kynnt var áætlun fyrir grunn- og leikskóla vegna óveðurs. Skólanefnd felur stjórnendum að ganga frá áætluninni.

5. Styrkir til íþrótt- og tómstundastarfs v Covid-19 - 2010003

Kynning á styrkjum sem félagsmálaráðuneytið mun veita í gegnum sveitarfélögin til tekjulágra heimila vegna stuðnings við íþrótt- og tómstundaiðkun barna. Auglýsing ráðuneytisins verður birt í vikunni.

Skólanefnd fagnar því að tekjulágum heimilum skuli standa til boða styrkir vegna útlagðs kostnaðar við íþrótt- og tómstundastarf barna og hvetur foreldra til að kanna rétt sinn til styrks á www.Ísland.is þegar opnað verður fyrir það ferli.

6. Ytra mat á leikskólum 2021 - 2011003

Umsóknir um ytra mat á Álfaborg og leikskóladeild Bláskógaskóla Laugarvatni

Lagðar voru fram til kynningar umsóknir sveitarfélagsins til Menntamálastofnunar um ytra mat á leikskólanum Álfaborg og leikskóladeild Bláskógaskóla Laugarvatni.

7. Stytting vinnutíma - 2008114

Stytting vinnuvikunnar skv. kjarasamningum, staða mála

Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála. Í kjarasamningum sem gerðir voru á þessu ári var samið um styttingu vinnuvikunnar sem taka á gildi í janúar 2021. Fulltrúar sveitarfélagsins hafa fylgst með vinnu Sambands íslenskra sveitarfélaga við gerð leiðbeininga og hvaða leiðir eru til útfærslu á styttingunni og er fyrirhugað að í næstu viku hefjist vinna með einstaka stofnunum sveitarfélagsins við að útfæra styttinguna. Stjórnendur leik- og grunnskóla gerðu grein fyrir umræðum sem átt hafa sér stað innan skólanna.

8. Merkingar skólabifreiða - 2009027

Beiðni rekstraraðila skólabifreiða, dags. 16.11.2020, um að skólanefnd sækji um undanþágu frá merkingu skólabifreiða til lögreglustjórans á Suðurlandi.

Lögð var fram beiðni skólabílstjórnanna Sigríðar J. Guðmundsdóttur, Snorra G. Guðjónssonar og Sveinbjörns Einarssonar, dags. 16. nóvember 2020, um að skólanefnd mæli með því við lögreglustjóra að undanþága verði veitt frá merkingum skólabifreiða í samræmi við reglugerð nr. 550/1991, enda sé um það að ræða að farþegum sé einungis hleypt inn eða út utan alfaravegar á þeim akstursleiðum sem um ræðir og eigi undanþáguákvæði reglugerðarinnar því við. Jafnframt er óskað eftir því að skólanefnd sækji um undanþáguna til lögreglustjóra. Skólanefnd samþykkir að mæla með því að undanþága verði veitt og að sótt verði um undanþágu til lögreglustjóra.

9. Viðbragðsáætlanir, leiðbeiningar og tilmæli vegna covid - 2002012

Leiðbeiningar um skóla- og frístundastarf miðað við samkomutakmarkanir og upplýsingar um smitrakningu í skólum

Lagt fram til kynningar.

Fundarmenn staðfestu fundargerð með tölvupósti.

Fundi slitið kl. 16:33.

Guðrún S. Magnúsdóttir

Kolbeinn Sveinbjörnsson

Valgerður Sævarsdóttir

Róbert Aron Pálmason

Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Elfa Birkisdóttir

Erla Jóhannsdóttir

Ægir Freyr Hallgrímsson

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Guðbjörg Þóra Jónsdóttir

Smári Stefánsson

Lára Bergljót Jónsdóttir

Ásta Stefánsdóttir
